

Alþingi
Erindi nr. P 138/1000
komudagur 22.1.2010



Heilbrigðisnefnd Alþingis,
Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2010.
IB2.

Efni: Umsögn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, þskj. 360 – 308. mál.

Með bréfi dags. 11. janúar sl. sendi Heilbrigðisnefnd Alþingis Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, til umsagnar. Framkvæmdastjórn stofnunarinnar hefur fjallað um frumvarpið og fylgir hér á eftir umsögn hennar um það.

Framkvæmdastjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins telur þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu til bóta, aukinn sveigjanleiki muni skapast við stjórnun og skipulagningu starfsemi heilbrigðisstofnana, möguleiki skapist á að sameina og breyta stöðum stjórnenda sem muni leiða til aukinnar skilvirkni og draga úr kostnaði.

Engar athugasemdir eða ábendingar eru gerðar við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
h.f. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins


Svanhvít Jakobsdóttir,
forstjóri